

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 183/2015

2017/EES/3/09

frá 10. júlí 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/543 frá 1. apríl 2015 um samþykki fyrir virka efninu COS-OGA, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/553 frá 7. apríl 2015 um samþykki fyrir virka efninu serevísan, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):
 - „– **32015 R 0543**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/543 frá 1. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 90, 2.4.2015, bls. 1),
 - **32015 R 0553**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/553 frá 7. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 92, 8.4.2015, bls. 86).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 13zzzzq (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/306):
 - „13zzzzr. **32015 R 0543**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/543 frá 1. apríl 2015 um samþykki fyrir virka efninu COS-OGA, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 90, 2.4.2015, bls. 1).
 - 13zzzzs. **32015 R 0553**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/553 frá 7. apríl 2015 um samþykki fyrir virka efninu serevísan, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 92, 8.4.2015, bls. 86).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/543 og (ESB) 2015/553, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 90, 2.4.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 92, 8.4.2015, bls. 86.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.